

## Ákvörðun Samgöngustofu nr. 20/2021 vegna kvörtunar um seinkun á flugi easyJet, U26942 þann 12. janúar 2020.

### I. Erindi

Þann 28. febrúar 2020 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá AB (kvartendur). Kvartendur áttu bókað far með flugi easyJet (EJ) nr. U26942 frá Keflavík til Edinborgar þann 12. janúar 2020. Áætluð komutími kvartenda til Edinborgar var kl. 21:05, raunverulegur komutími var kl. 23:20 eða seinkun um fjórtán klukkustundir og 45 mínútur.

Kvartendur fara fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012. um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum.

### II. Málavextir og bréfaskipti

SGS sendi EJ kvörtunina til umsagnar þann 2. mars 2020. Í svari EJ vísaði flugrekandinn til þess að flugi EZY6942 þann 12. janúar 2020 seinkaði vegna óviðráðanlega aðstæðna í skilningi EB reglugerðar nr. 261/2004, sem megi rekja til eftirfarandi aðstæðna:

*On that day at 16:02Z the weather forecast showed 40% probability of a temporary deterioration between 20:00 on the 12th January and 06:00Z on the 13th January with strong winds, snow and rain showers with overcast cloud at 800 feet. (EXHIBIT 2)*

*The preceding flight took-off at 18:14 in EDI according to its scheduled time of departure. (EXHIBIT 3)*

*However, during the flight operation conditions of runways at the destination were aggravated by the ice patches that contaminated arrival station. The situation was worsened by strong winds with gusts up to 56 knots and low dense clouds. That circumstances could lead to hazardous conditions not only for landing but also for boarding and take-off. (EXHIBIT 4)*

*Until having enough fuel, the Aircraft was holding in the air and made 2 attempts to land in KEF. However, as the visibility decreased, wind increased and runways were 100 % contaminated by the heavy snow, these attempts were unsuccessful. (EXHIBIT5)*

*Therefore, due to safety reasons, the decision was made to return to EDI and reschedule flight program for the next morning. (EXHIBIT 6-7)*

*Consequently, the inbound flight landed in EDI at 22:16. As such, we had no alternative but to delay the Flight overnight. (EXHIBIT 8)*

*We do take reasonable measures to avoid cancellations and delays to our flights by having replacement crews and spare aircraft available in our network. However, being an airline, easyJet takes safety of the passengers and crew as the most important priority. In the circumstances, the Aircraft made 2 attempts to land. An option to use Egilsstaðir Airport as alternative for landing was rejected due to passengers' convenience. Regarding Iceland weather conditions, only coaching passengers to KEF would take 10 hours in a winter time. (EXHIBIT 9)*

*Return to EDI and reschedule the Flight was the only reasonable measure that had been taken. No more reasonable measures linked either to aircraft and/or crew could have been taken to avoid or mitigate the disruption caused by adverse weather conditions incompatible with safety flight operations.“*

Þann 28. febrúar 2021 sendi SGS kvartendum svar EJ og óskaði stofnunin eftir athugasemdum kvartanda gagnvart framkominni umsögn EJ. Engin svör bárust frá kvartanda.

### **III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu**

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að flugrekandi skuli greiða bætur skv. 7. gr. reglugerðarinnar vegna tafa eða seinkunar eins og átt getur við þegar flugi er aflýst sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Með dómi Evrópudómstólsins frá 19. nóvember 2009, í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerð EB nr. 261/2004 með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir seinkun á flugi sínu sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst sbr. 5. gr. Af þessu leiðir að allir farþegar sem verða fyrir þriggja tíma seinkun á flugi sínu eða meira, og koma á ákvörðunarstað þremur tímum seinna eða meira en upprunalega áætlun flugrekandans kvað á um, eiga rétt á bótum skv. 7. gr., nema flugrekandi geti sýnt fram á að

töfin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Þetta dómafordæmi var staðfest með dómi Evrópudómstólsins í máli C-11/11 og hefur nú einnig verið lögfest með 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2012.

Loftherðalög nr. 60/1998 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugþjónustu. Meginreglan samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 er réttur farþega til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðarinnar sé um að ræða aflýsingu eða mikla seinkun á brottfarartíma flugs og ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þröngt, sbr. dóm Evrópudómstólsins frá 22. desember 2008, í máli C-549/07 Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia og almennar meginreglur um túlkun lagaákvæða.

Álitaefni þessa máls til álita hvort aflýsing á flugi kvartenda nr. U26942 þann 12. janúar 2020 megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Álitaefni þessa máls er hvort að seinkun á flugi kvartenda megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Að jafnaði falla slæmar veðuraðstæður undir óviðráðanlegar aðstæður í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar sbr. einnig 14. inngangslíð reglugerðarinnar. Að mati SGS hefur EJ sýnt fram á að veðurskilyrði voru slæm í Keflavík þann 12. janúar 2020. Telur SGS því að rekja megi seinkun á flugi U26942 þann 12. janúar 2020 til óviðráðanlegra aðstæðna sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

Þá verður ekki séð að EJ hafi getað komið í veg fyrir þá víxlverkandi seinkun sem kom til vegna framangreindra aðstæðna í fyrra flugi vélarinnar sem átti síðar að framkvæma flug kvartenda. Eru skilyrði bótaskyldu samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar því ekki uppfyllt. Ber því að hafna kröfu kvartenda um staðlaðar skaðabætur

### *Ákvörðunarrorð*

Kröfum kvartenda um staðlaðar skaðabætur úr hendi easyJet skv. reglugerð EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012, er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 30. mars 2021

Ómar Sveinsson

Andri Rúnar Gunnarsson